

SAMÞYKKT um hundahald á Akranesi.

1. gr.

Stjórnunssýsla.

Heilbrigðisnefnd Vesturlands fer með málefni hunda og hundahald í Akraneskaupstað samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Framkvæmdaráð Akraneskaupstaðar fer með framkvæmd samþykktar þessarar í umboði heilbrigðisnefndar og annast Framkvæmdastofa Akraneskaupstaðar framkvæmdina undir yfirumsjón framkvæmdaráðs.

2. gr.

Leyfi til hundahalds.

Hundahald er heimilað á Akranesi að fengnu leyfi og uppfylltum þeim skilyrðum, sem sett eru í samþykkt þessari. Fjöldi hunda á heimili er takmarkaður við tvo en heimilt er að sækja um undanþágu fyrir fleiri hunda til framkvæmdaráðs Akraneskaupstaðar, enda uppfylli viðkomandi nánari reglur sem settar verða í samráði við félag hundaeigenda á Akranesi.

3. gr.

Umsóknir, skilyrði fyrir leyfi, skráning og frestir.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda Framkvæmdastofu Akraness innan mánaðar frá því að hundur/hvolpur er tekinn inn á heimili, enda hafi leyfis skv. 5. gr. verið aflað.

Umsókn skal fylgja greiðsla skráningargjalds, sbr. 11. gr. Heimilt er að halda hvolpa, sem vistaðir eru á skráningarstað móður, án skráningar þar til þeir verða fjögurra mánaða.

Leyfi til hundahalds skal veitt að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Umsækjandi skal vera lögráða. Leyfið er persónubundið, óframsejanlegt og bundið við heimili umsækjanda enda er það ófrávíkjanlegt skilyrði að hundur sé skráður þar og haldinn. Óleyfilegt er að halda hund þar sem engin býr.
- Umsókn skal fylgja staðfesting um að umsækjandi hafi sótt námskeið um hundahald hjá viðurkenndum aðila eða meðmæli tveggja valinkunnra manna um hæfi hans til að halda hund.
- Að fyrir liggi samþykki sameigenda fjoðleignarhúss þar sem það á við, sbr. 5. gr.
- Að keypt sé ábyrgðartrygging vegna hundsins, sbr. 9. gr.
- Að hundurinn sé örmerktur, sbr. 10. gr.

Við mat umsóknar getur Framkvæmdastofa leitað umsagnar löggreglu og heilbrigðisyfirvalda um umsækjanda og þá hagi hans sem þýðingu geta haft.

Hafi umsækjandi ítrekað eða gróflega gerst brotlegur við samþykkt þessa eða fyrri samþykktir sama efnis eða lög um dýravernd, er heimilt að hafna umsókn hans.

4. gr.

Bannaðar hundategundir.

Óheimilt er að halda hunda af eftirtöldum tegundum:

- Pit Bull Terrier.
- Fila Brasileiro.
- Toso Inu.
- Dogo Argentino.
- Blendinga af tegundum tilgreindum í liðum a-d.
- Blendinga af úlfum og hundum.
- Aðrar tegundir sem hættulegar eða óæskilegar eru að fenginni reynslu eða mati sérfróðra aðila, s.s. dýralæknis eða viðurkennds hundajálfara. Bannað er að árásarþjálfa hunda á Akranesi eða skrá hund sem hefur verið árásarþjálfaður, nema hundur sé innan vébanda löggreglu.

5. gr.

Hundar í fjöleignarhúsum, raðhúsum o.fl.

Þegar sótt er um leyfi til að halda hund í fjöleignarhúsi þar sem inngangur er sameiginlegur skal umsókn fylgja skriflegt samþykki þeirra sameigenda og íbúa sem hlut eiga að máli, sbr. 13. tölul. A-liðar 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

Þegar íbúð umsækjanda hefur sérinngang, þótt um sé að ræða annars konar sameiginlegt húsrými eða sameiginlega lóð, þá er veiting leyfis til hundahalds ekki háð samþykki annarra eigenda, enda er öll viðvera og/eða umferð hundsins um slík sameiginleg rými stranglega bönnuð. Brot á því telst alvarlegt brot á samþykkt þessari og skilyrðum leyfisins og varðar sviptingu þess.

Ef annað er ekki tekið fram nær samþykki skv. 1. og 2. mgr. einvörðungu til eins ákveðins hunds og gildir á meðan hann lifir. Heimilt er að afturkalla samþykki ef forsendur breytast verulega. Ástæður sem réttlætt geta afturköllun eru m.a. heilbrigðisástæður, svo sem ofnæmi, óþægindi og ónæði, sem fer verulega fram yfir það, sem telja má venjulegt og eðlilegt.

6. gr.

Hundaræktun.

Til hundaræktunar telst starfsemi þar sem sex eða fleiri hundar eru haldnir til undaneldis og ætlunin er að hafa áfram til undaneldis, sbr. reglugerð nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gælu-dýra og dýrahald í atvinnuskyni. Sækja þarf um hundarætarleyfi til Umhverfistofnunar. Heimilt er að skrá hunda sem undaneldishunda við hundarækt og eru þeir undanþegnir eftirlitsgjöldum, sbr. 11. gr.

Dýraeftirlitsmanni Akraneskaupstaðar er heimilt án nokkurs fyrirvara að telja fjölda hunda í hundarækt til að sannreyna fjölda undaneldishunda og hunda sem ræktaðir eru til sölu.

7. gr.

Fyrirfram samþykki, leyfi, utanbæjarhundar og skammtímaheimsóknir.

Áður en hundur/hvolpur er tekinn inn á heimili í fjöleignarhúsi skal afla samþykkis samkvæmt 5. gr. Óheimilt er að láta hund dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum. Hundur í skammtímaheimsókn sem ekki er skráður á Akranesi má ekki dveljast þar nema með leyfi Akraneskaupstaðar og að fengnu samþykki samkvæmt 5. gr.

Um skammtímaheimsóknir hunda í húsum á Akranesi gildir ákvörðun eigenda íbúðarhúsa hverju sinni og/eða reglur viðkomandi húsfélags.

8. gr.

Hundaskrá og tilkynningarskylda eiganda.

Upplýsingar um hunda í sveitarféluginu skal skrá hjá Akraneskaupstað.

Skrá skal heiti, aldur, kyn, tegund, litarhátt, númer örmerkis og önnur einkenni hundsins. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Leyfishafi fær afhenta merkta plötu, sbr. 10. gr., og eintak af samþykkt um hundahald á Akranesi.

Hundaeiganda ber að tilkynna Akraneskaupstað um aðsetursskipti innan sveitarfélagsins. Einnig skal hann tilkynna eftirlitinu ef hundurinn deyr eða er fluttur úr lögsagnarumdæminu og hvert hann flytur. Eigendaskipti á hundi skal tilkynna með sama hætti.

9. gr.

Ábyrgðartrygging.

Leyfishafa er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna hunds og gerir Akraneskaupstaður heildarsamning við tryggingafélag eða félög um slíka tryggingu. Íøgjald skal innifalið í skráningargjaldi og árlegu eftirlitsgjaldi, sbr. 11. gr.

Skal ábyrgðartrygging ná til alls þess tjóns sem hundurinn kann að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum.

10. gr.

Ormahreinsun, örmerking og merkiplötur.

Skylt er að ormahreinsa hunda á hverju ári. Vottorði dýralækna um ormahreinsun skal skilað til eftirlitsaðila fyrir 31. desember ár hvert. Hundur skal örmerktur af dýralækni samkvæmt stöðlum Alþjóðastaðlaskrárráðsins, ISO 11784 eða 11785.

Hundur skal ávallt bera ól með plötu um hálsinn. Á plötuna skal greypa skráningarnúmer hundsins og símanúmer eiganda hans. Þá skal við ólinna festa merki sem sýnir að árlegt eftirlitsgjald hafi verið greitt.

11. gr.

Gjöld fyrir leyfi.

Fyrir leyfi til að halda hund skal leyfishafi greiða gjöld sem renna í bæjarsjóð Akranes-kaupstaðar; annars vegar leyfisgjald og hins vegar eftirlitsgjald. Gjöldum þessum er ætlað að standa undir kostnaði kaupstaðarins af hundahaldi og framkvæmd samþykktar þessarar.

Bæjarstjórn setur gjaldskrá, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Sveitarstjórn skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

Leyfisgjald greiðist við skráningu hunds og eftirlitsgjald síðan árlega 1. mars með eindaga 1. apríl ár hvert. Dragist greiðsla lengur en mánuð fram yfir eindaga fellur leyfið niður.

Heimilt er að veita þeim hundaeigendum, sem sótt hafa námskeið um meðferð hunda, viðurkennt af Framkvæmdastofu, allt að helmings (50%) afslátt af árlegu eftirlitsgjaldi, enda hafi leyfishafi ekki gerst brotlegur við samþykkt þessa.

Af undaneldishundum, sbr. 6. gr., skal ekki greiða árlegt eftirlitsgjald.

12. gr.

Helstu variðar-, aðgæslu- og umgengniskylldur hundaeigenda.

Eigandi og umráðamaður hunds skal gæta þess vel að hundur hans valdi hvorki hættu, óþægindum eða óþrifnaði, né raski ró manna, t.d. með stöðugu eða ítrekuðu gelti eða ýlfri. Eiganda og umráðamanni hunds er ávallt skylt að fjarlægja saur eftir hundinn hvort sem um þeirra eigin lóð er að ræða eða eigi og gæta þess í hvívetna að valda ekki öðrum ónæði með slælegri umhirðu, sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti. Óheimilt er að láta hunda vera lausa innan marka þéttbýlis, nema nytjahunda þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðaimanns. Hundur skal annars ávallt vera í taumi utanhúss og í umsjá þess sem hefur fullt vald yfir honum. Heimilt er þó að hafa hunda lausa undir eftirliti ábyrgs aðila innan hundheldrar girðingar. Óheimilt er að tjóðra hund án eftirlits ábyrgs aðila. Þegar hundur er tjóðraður á lóð skal taumurinn ekki vera lengri en svo að komast megi óhindrað að aðaldyrum húss.

Óheimilt er að vera með lausa hunda á opnum svæðum á Akranesi, s.s. í hesthúsahverfinu á Æðarodda, svo og á reið- og göngustígum í sveitarfélögini. Eiganda og umráðamanni hunds ber að sjá til þess að hundur hans sæti ekki illri eða slæmri meðferð. Eftirlitsaðili getur krafist þess að eigandi hunds sæki hlýðinánámskeið með hund sinn ef ástæða þykir til. Aðbúnaður og umhirða hunda skal vera í samræmi við reglugerð nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni.

13. gr.

Óheimilir staðir.

Ekki má hleypa hundum inn í almenningsfarartæki, matvælafyrirtæki, leikvelli, íþróttavelli eða þá staði sem um getur í fylgiskjali 3 í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Um matvæla-fyrirtæki fer samkvæmt reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 825/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli. Nánar er hér m.a. um að ræða:

1. Vatnsveitur, vatnsból og vatnsverndarsvæði þeirra.
2. Hvers konar sorpgeymslu- og sorpforgunarstaði.
3. Gististaði, veitingastaði og matsölustaði.
4. Tjað- og hjólhýsasvæði, nema með leyfi umsjónaraðila.

5. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
6. Skóla, kennslustaði og gæsluvelli.
7. Skógræktina Garðalundi og Klapparholti.
8. Langasand.
9. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrtistofur og sólbaðsstofur.
10. Heilbrigðisstofnanir, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstofur.
11. Samkomuhús hvers konar og staði sem almenningur hefur aðgang að vegna afgreiðslu og þjónustu.
12. Kirkjugarða.
13. Almennar útisamkomur, svo sem 17. júní, þrettándafagnað og sjómannadag.

14. gr.

Svæði til lausagöngu hunda.

Heimilt er að sleppa hundum lausum á eftirtöldum stöðum og svæðum:

1. Svæði við Miðvogslæk.
2. Innan hundaheldra girðinga og hundaæfingasvæða, sem samþykkt hafa verið af heilbrigðis-nefnd.

15. gr.

Frávik og undanþágur.

Víkja má frá fyrirmælum samþykktar þessarar sem banna eða takmarka umferð og dvöl hunda um tiltekna staði þegar um er að ræða hunda sem notaðir eru til löggæslu- eða björgunarstarfa eða sem leiðsöguhundar sjónskertra.

16. gr.

Lausir hundar, handsömun, geymsla, aflifun og kostnaður.

Sleppi hundur frá eiganda eða umráðamanni, skal viðkomandi tafarlaust gera ráðstafanir til að handsama hann. Hunda í lausagöngu skal færa í sérstaka hundageymslu. Sé hundur merktur eða vitneskja er um eiganda hunds, skal eiganda tilkynnt um handsömunina svo fljótt sem auðið er. Eigandi hunds skal greiða allan kostnað við handsömun og geymslu hans áður en hann er afhentur á ný. Ef hunds er ekki vitjað innan sjö sólarhringa frá handsömun er heimilt að ráðstafa honum til nýs eiganda eða selja hann fyrir áföllnum kostnaði. Að öðrum kosti skal hann aflifaður af dýralækni.

Hafi hundur verið handsamaður er óheimilt að afhenda hann fyrr en að lokinni skráningu, greiðslu leyfisgjalds og áfallins kostnaðar. Kostnaður við handsömun, geymslu eða aflifun hunds skal að fullu greiddur af eiganda.

17. gr.

Grimmir, varasamir og hættulegir hundar.

Hafi eigandi hunds eða eftirlitsaðili ástæðu til að ætla að hundurinn sé grimmur eða varasamur, skal eigandi sjá til þess að hundurinn sé ávallt myldur utan heimilis síns.

Ef hundur telst hættulegur, getur eftirlitsaðili, aðili sem verður fyrir tjóni vegna hundsins eða umráðamaður hundsins krafist þess að hundurinn verði aflifaður og er þá skylt að verða við þeiri kröfu, enda hafi verið leitað á líts sérfróðra aðila, s.s. dýralækna eða hundapjálfara, sem viðurkenndir eru af Framkvæmdastofu, áður en ákvörðun um aflifun er tekin.

18. gr.

Dýraeftirlitsmaður.

Fyrir hönd bæjarstjórnar annast dýraeftirlitsmaður framkvæmd og eftirlit með hundahaldi á Akranesi. Dýraeftirlitsmaður starfar undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar við sín eftirlitsstörf. Dýraeftirlitsmaður getur leitað aðstoðar löggreglu við framkvæmd starfa sinna, ef hundur er að mati eftirlitsmanns hættulegur umhverfi sínu og/eða umráðamaður hundsins hindrar starf eftirlitsmanns samkvæmt samþykkt þessari og almannahagsmunir og/eða heilbrigðissjónarmið valda því að nauðsynlegt er að leita atbeina löggreglu við að fjarlægja dýrið.

Nr. 782

1. október 2010

19. gr.

Viðurlög.

Um valdsvið og þvingunarúrræði víast til VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Eigendur eða umráðamenn hunda sem brjóta gegn ákvæðum samþykktar þessar skulu sæta skriflegri áminningu og gefinn hæfilegur frestur til úrbóta. Ef eigandi eða umráðamaður hunds vanrækir skyldur sínar eða brýtur ítrekað gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum sem gilda um hundahald getur sveitarstjórn bannað viðkomandi að halda hund og látið fjarlægja hundinn.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau jafnframt innan refsiákvæða hlutaðeigandi laga, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmæðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Um málskot fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

20. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi 1. janúar 2011. Frá sama tíma fellur þá úr gildi samþykkt nr. 282/2004 um hundahald á Akranesi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þær undanþágur frá banni við hundahaldi, sem veittar hafa verið fyrir gildistöku samþykktar þessarar, halda gildi sínu. Að öðru leyti gildir samþykktin um áður veittar undanþágur.

Þeir hundaeigendur sem halda fleiri en two hunda við gildistöku samþykkar þessarar halda þeirri heimild á meðan viðkomandi hundar halda lifi.

Umhverfisráðuneytinu, 1. október 2010.

F. h. r.

Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 15. október 2010

